

Stjórnarskipti, 1. júlí 2004.

Starfsáætlun – fjárhagsáætlun, 04/05.

Fráfarandi forseti, Guðmundur Rúnar, fráfarandi stjórn og kærur rötaryfélagar. Mig langar að bjóða nýja stjórnarmenn velkomna að stjórnarborðinu. En eins og þið vitið skipa núverandi stjórn Kristján Stefánsson, verðandi forseti, Björn Ólafsson, ritari, Þórður Stefánsson, gjaldkeri, Páll Pálsson, stallari auk þess sem fráfarandi forseti GRO verður okkur til halds og trausts. Þá ber mér að þakka það traust sem þið hafið sýnt mér með því að fela mér að gegna forsetaembætti klúbbsins okkar þetta komandi starfsár.

Það er full ástæða til að þakka fráfarandi stjórn ánægjulegt og gott samstarf. Þetta var starfsöm og samheldin stjórn undir traustri forustu GRO, sem hélt uppi góðum og lifandi anda í klubbum. Að sjálfsögðu setti það mark sitt á starfseminu að við áttum ítök í okkar góða umdæmisstjóra.

“Rötarystarfið er háskólanám hins daglega lífs”. Það er einmitt mín tilfinning fyrir starfi klúbbsins. Ég vil helst ekki missa af fundi, vegna þess að þá tapar maður góðum fyrirlestri. Á þennan hátt er “Rötarystarfið háskólanám hins daglega lífs”. Það er einmitt um þessa kenngslu sem við þurfum að standa vörð og vera dugleg við að finna góða kennara.

Það er gaman að taka við svo góðu búi, en það er einnig erfitt. Á liðnum árum hafa forverar mínir þróað og byggt upp góðan anda og lifandi starf. Því þarf að halda vel á málum til að viðhalda þeim mikla krafti sem hér er. Ég og félagar mínir í stjórn klúbbsins munum leitast við að gera okkar besta til að svo geti orðið.

Umdæmisþingið

Við getum verið stoltir af framistöðu félaga okkar við undirbúning og framkvæmd Umdæmisþingsins, sem fram fór hér í Hafnarfirði s.l. föstudag og laugadag. Það var fjölmennur hópur undir stjórn fráfarandi forseta okkar GRÓ, sem vann vel og agað starf. Segja má að margar hendur vinna létt verk, en hlutirnir gerast ekki af sjálfum sér og í þessu tilfelli var það stór hópur félaga okkar, sem lagði fram mikla vinnu. Mín tilfinning fyrir þessu móti er að héðan foru allir ánægðir eftir góða og skemmtilegra samkomu, sem haldin var í umhverfi sem hefur upp á margt áhugavert að bjóða.

Forseti Rotary International, Glenn Estess frá Alabama, USA, hefur valið einkunnarorð “Celebrate Rotary”, sem umdæmisstjotinn okkar Egill hefur þýtt, “Í anda Rotary”. Að sjálfsögðu fögnum við “Í anda Rotary” á aldarafmæli hreyfingarunnar. Það gerum við best með innihaldsríku starfi. En Glenn Estess leggur mikla áherslu á fjölgun félaga í Rötaryhreyfingunni og aukin framlög til Rotary Foundation.

Handbók

Handbókin okkar fyrir þetta starfsárið verður tilbúin dreift á næsta fundi. Hún er með hefðbundnu sniði. En það sem er nýtt, er að þar eru upplýsingar um kennitölu og bankareikning klúbbsins, sem félagar geta greitt félagsgjöld inna sín. Þá mun gjaldkeri einni leggja fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Fundir

Fundir verða með sama sniði og áður og vonandi jafn kröftugir og áhugaverðir. En það er undir okkur sjálfum komið hvernig okkur gengur að útvega áhugaverða fyrirlesara. Við tökum okkur frí á einum fundi, það er 23. des., þorláksmessu. Ástæðan er að margir hafa lagna hefð fyrir að bjóða með sér viðskiptavinum og vinnufélögum í mat á þessum degi og því ákváðum við í stjórninni að gefa frí á þessum dag.

Nefndir

Fyrirkomulag nefnda er að miklu leyti hefðbundið, nema hvað sérstök nefnd var skipuð vegna aldarafmælis Rót. Hreyfingarinnar sem er 23. febrúar n.k.. En þá nefnd skipa Einar Eyjólfsen formaður, Skúli Valtýrsson og Sigurþór Aðalsteinsson.

Við verðum með skiptinema þetta árið, og hafa félagar í Æskulýðsnefnd annast og undirbúið komu, 17 ára stúlku, frá Sao Paulo, Brasilíu, sem heitir **Camila Chabar**.

Ferðanefndin er með skipulagða ferðina okkar til Brussel, sem þeir munu upplýsa okkur nánar um þegar nær dregur. Auk þess sem Þjóðmálanefnd verður með sérstakan fjölskyldu og umhverfisvæðan fund 15. júlí í hinum nýja skála normanna í Heiðmörk. Eins og undanfarin ár eru reyndir félagar í formensku nefnda, en nýir félaganar sem varaformenn, með það að markmiði að virkja þá í starfi klúbbsins. Stefnt er á að halda klubbþing 21. október, þar sem lögð verði fram endurskoðuð sérlög klúbbsins. En á síðasta ári var lokið við að þýða breytingar sem gerðar hafa verið á lögum Rótaryhreyfingarinnar. Í sambandi við það var skipuð nefnd til að laga sérlög klúbbsins okkar að þessum breyttu lögum RI. Með þessari dagsetningu er sett pressa á þá félaga, Almar Skúla Valtýrs og Sigurþór að ljúka þessari endurskoðun fyrir þennan fund. Þetta er það helsta sem framundan er í klubbstarfinu.

Heiðursfélagi

Venjan er að stjórnin tilkynni á fyrsta fundi starfsársins val hennar á heiðursfélöga ársins. Að þessu sinni er heiðursfélagi Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2004-2005 Pétur Þorbjörnsson.

Verkefnin framundan.

Á næsta fundi sem er. 8. júlí, og er í umsjón Starfsþjónustunefndar. Þá mun Már Sveinbjörnsson koma og upplýsa okkur um “Siglingavermd”. Við lifum í breyttum heimi þar sem aðal hættan stafar af hryðjuverkun. Hluti Siglingarvermdar felst í lokun hafnarsvæða, sem hefur það markmiði sporna við þessum vágesti. Már ætlar að upplýsa okkur um hvað fellst í þessari framkvæmd. Þá verður fjárhagsáætlun næsta starfsárs lögð fram og handbókinni okkar dreift..

15. júlí stefnum við á þennan umhverfis- og fjölskilduvæna fund í nýja félagsheimilinu Normannslaget í Heiðmörk. En heiti bústaðarins mun vera Torgeirstaðir. Þessi fundur er í höndum Þjóðmálanefndar. Guðbjartur útvegar okkur þessa frábæru aðstöðu, en hann óskar eftir að félagar hans í nefndinni hittist stutta stund að þessum fundi loknum til að ræða nánar framkvæmd fundatínns. Í Þjóðmálanefnd eru; Guðbjartur formaður, Sigfús Jónsson varaformaður, Gylfi Sigurðsson, Daníel Sigurðsson, Helgi Ásgeir og Helgi Jón.

Ræðumaður á þessum fundi er Helgi Ræðir um græna trefilinn. Okkur í stjórninni finnst rétt að bjóða mökum eða öðrum góðum gestum okkar með til þessarar vonandi skemmtilegu samkomu og nýta vel þessa frábæru aðstöðu sem Guðbjartur hefur útvegað okkur. En vegan aðstæðna og til að samkoman takist vel þarf að fá grófa tölu um fjölda þeirra sem mæta. Því þarf á næsta fundi að láta lista ganga um þá sem ætla að mæta. Fundarefni 22. júlí í höndum Alþjóðamálanefndar og 29. júlí er það Rótaryfræðslunefnd sem sér um fundinn.

Lokaorð

Að lokum vil ég taka undir orð fráfarandi forseta og hvetja félaga til þess að mæta vel á fundi, þannig nást þessi markmið að fræðast, kynnast, láta gott af sér leiða og skemmta sér. Ennfremur að mæta á fundi hjá öðrum klúbbum, bæði hér heima og erlendis. Mér fannst sérlega skemmtilegt þegar ég mætti á stjórnarskiptfund í Englandi þar sem ekki aðeins forseti og gjaldkeri fluttu sínar skýrslur, heldur einnig formenn nefnda, sem lögðu fram áætlanir um hvað þeir ætluðu að vera með á fundum starfsársins. Það er án efa mjög gott að vera svona skipulagður, en þótt áhuavert sé, taldi ég þetta vera of skipulagt fyrir okkur. Góðir rótaryfélagar. Enn á ný þakka ég traustið. Við í stjórn klúbbsins viljum gera okkar besta til að starfið verði fræðandi og skemmtilegt eins og undangengin ár og óskum eftir ykkar stuðning til að slíkt geti tekist.

Tökum undir með forseta R. I., Glenn Estess, **“Celebrate Rotary”**

Fögnum “Í anda Rotary” á aldarafmæliári hreyfingarunnar.

Sigurður Hallgrímsson,
forseti Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar 2004/2005.